

MOSFELLINGUR

14. tbl. 5. árg. föstudagur 20. október 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Leikskólinn Hlaðhamrar 30 ára



Þann 8. október var haldið upp á 30 ára afmæli leikskólans Hlaðhamra sem er elsti leikskóli Mosfellsbæjar. Fyrsti vísir að leikskóla í Mosfellsbæ var í kjallaranum á fyrirhuguðum lækna-bústað, sem átti að vera í húsinu sem flestir þekkja nú sem félagsmiðstöðina Bólið. Því næst var leikskólinn í húsinu sem seinna hlaut nafnið Rykvellir og varð síðar bælistöðvar björgunar-sveitarinnar Kyndils. Þaðan flutti hann á Hlaðhamra þann 8. október 1976. Híbýli skólans hafa verið tekin í gegn og standa miklar framkvæmdir á lóð skólans. Byggt var við skólann 1997 og varð skólinn þá fjögurra deilda og eru nemendur skólans nú um 90 talsins. Í tilefni afmælisins var opið hús og fjöldi bæjarbúa og gamalla nemenda heim-sóttu Hlaðhamra í tilefni dagsins. Nánar er fjallað um afmælið á bls. 4 í blaðinu.

EIGN VIKUNNAR

Hulduhlíð - 4ra herb.

Flott 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 4býli (möguleiki að kaupa bílskúr í sömu götu).

Verð kr. 21,7 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is




**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali

Sjá nánar á bls. 3



Gott úrval af góðum brauðum

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf.

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ágúst B. Linn
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Prófkörk: Hjördís Kvaran Einarasdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, prentað í 3300
eintökum og dreift frítt inn á öll
heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ,
Kjalarnes og Kjós.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Okkar fólk á alþingi Íslendinga

Næsta vor verður kosið til
alþingis. Prófkjör fara fram
um allt land á næstunni. Mos-
fellingar láta til sín taka og
hvet eg bæjarbúa til að standa

við bakið á okkar
fólki. Mosfellsbær
er sjöunda stærsta
sveitarfélag á
landinu og auðvi-
tað eigum við
að eiga nokkra
alþingismenn
á okkar
snærum.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Á laugardaginn kemur
Sinfóníu-
hljómsveit
Íslands
í bæinn
og ekki
gerist það
á hverjum
degi. Ásamt
Sinfóníu-
hljómsveit-
inni koma
fram kórar bæj-

arins og skólahljómsveitin okkar.
Þetta er atburður sem enginn má
láta fram hjá sér fara. Tónleikarnir
hefst kl. 15. Sjáumst á þessum
stórviðburði að Varmá.



Reykjavegi 36
Sími 566 6103

www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

... þegar Mosfellssveit státaði af
sérstöku baðhúsi. Þegar herinn kom
í sveitina 1940 var reist braggabyggð
sem hét Lagafell Camp í núverandi
Hlíðartúni. Þar var reist baðhús fyrir
óbreytta hermenn en þó var herbergi
í því ætlað offiserum. Árið 1946 tók
Hreiðar Gottskálksson og fjölskylda
húsið til íbúðar til bráðabirgða, þó
lélegt og óeinangrað væri. Sturtukle-
funum var breytt í herbergi og eldhús
var gert úr offiserabaðinu, annars var
þarna eitt alrými með stórum ofni.
Seinna flutti Lárus Hermannsson með
fjölskyldu sína í húsið og hann gerði
húsið að góðum mannabústað og
hefur sennilega nefnt það Melgerði.
Vinstra megin við húsið er hús sem
var eldhús, seinna gripahús, en er
í dag íbúðarhús og hægra megin er
kamar hermanna en þar gátu allt
að þrettán manns athafnað sig í einu.
Myndin er tekin á árunum 1946-7.



HÉÐAN OG ÞAÐAN



FERMINGARMYNDIN hans Sigurðar Hreiðars

Fullt nafn: Sigurður Hreiðar
Hreiðarsson. „Ég fæddist að Engi
í Mosfellssveit, ólst upp þar og að
Hulduhólum í sömu sveit. Séra
Hálfán Helgason fermdi mig 22.
maí 1952 í Lágafellskirkju, sem þá
var ekki stærri en sem nemur
þremur fremstu gluggunum
á henni núna. Spurningar-
nar (fermingarfræðslan) fór
fram á sunnudagsmorgnum
á kirkjuloftinu – skemmtileg-
ur tími í endurminningunni
því séra Hálfán var afburða
skemmtilegt góðmenni.
En hann lét okkur læra fjöl-
marga sálma utanað og gaf
það ekkert eftir.

Það var indælis vorveður þennan dag og veisla
haldin heima á Hulduhólum. Kannski er eftirminni-
legast að frændi minn kom með kór sem hann söng í
– Samkór alþýðunnar, – sem stíllti sér upp á túninu framan
við bæinn og hélt konsert.”





Fasteignasala Mosfellsbæjar

Kjarna, Pverholti 2
Mosfellsbæ

www.fastmos.is
Sími: 586 8080

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Lindarbyggð – Glæsilegt parhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mjög glæsilegt 177,1 m² parhús á einni hæð á fallegum stað í lokuðum botnlanga í Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt og mjög bjart og rúmgott. Stór stofa með góðri loft hæð og borðstofa við hlið eldhúss. 4 góð svefnherbergi, sjónvarpshol og glæsilegt baðherbergi. Bílskýli hefur verið lokað af og gæti vel nýst sem t.d. unglingaherbergi. Fallegur suðurgarður og hellulagt bílapiplan. Þessar eignir eru sjaldséðar á fasteignasölum. Verð kr. 41,8 m.



Furubyggð – 166,3 m² endarðahús

Erum með stórt og rúmgott endarðahús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasaleri á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og TV-hol á 2. hæð og stórt risherbergi. Stórar svalir í suðaustur, afgirt timburverönd út frá stofu og stórt hellulagt bílapiplan. Þetta er falleg eign í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ. Verð kr. 34,9 m.



Skeljatangi – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Góð 84,9 m². 3ja herbergja endaíbúð á JARÐHÆÐ í 8 íbúða. 2ja hæða fjölbýli á barnvænum stað í Mosfellsbæ. Íbúðin er vel skipulögð, með 2 rúmgóðum svefnherbergjum, baðherbergi m/sturtu, geymslu/vinnuherbergi, bjartri stofu og eldhúsi með borðkrók. Séráfnoréttar af suðurlóð við stofu. Lítið leiksvæði er rétt við húsið og stutt er í skóla, leikskóla og sundlaug. Verð kr. 19,3 m.



Klapparhlíð – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 80,2 m². 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. 2 svefnherbergi með mahöny skápum, baðherbergi með flisum, sér þvottahús, stofa og eldhús með fallegri mahöny innréttingu. Eikarparketi og flisar á gólfum. Topp staður, grunnskóli, leikskóli og sundlaug í 2 mínútna göngufæri. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. Verð kr. 19,9 m.



Blikahöfði – 3ja herb + bílsk

Falleg og vel skipulögð 84,6 m². 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 29,2 m² bílskúr í góðu fjölbýlishúsi við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Björt stofa, eldhús með kirsuberja innréttingu, sér þvottahús, sjónvarpshol, 2 herbergi og baðherbergi m/kari. Bílskurinn er draumur dótakarísins. Verð kr. 22,8 m.



Klapparhlíð – 171,7 endarðahús

Flott endarðahús á tveimur hæðum, innst í botnlanga við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er góð stofa, borðstofa, lokað eldhús með borðkrók, forstofa, gestasaleri og bílskúr/vinnuherbergi. Á efri hæðinni eru baðherbergi, þvottahús, 3 svefnherbergi og mjög stórt hjónaherbergi. Fallegur garður með timburverönd og hellulögn. Verð kr. 39,9 m.



Tröllateigur – 167,1 m² endarðahús

167,1 m² endarðahús á tveimur hæðum í nýbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Á jarðhæð eru stofa, borðstofa, eldhús, gestasaleri og bílskúr, en á 2. hæð eru 3 góð svefnherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og stórt baðherbergi. Flisar og bambusparket á gólf og fallegar innréttingar í eldhúsi og baði. Áhvalandi kr. 27,0 milljónir með 4,15-4,2% vöxtum ****Verð nú kr. 39,9 m.****



Hlíðará – 408 m² tækifæri

Til sölu eitt stærsta einbýlishúsið í Mosfellsbæ. Húsið er samtals 408 m² á tveimur hæðum, með tvöföldum bílskúr. Húsið býður upp á mikla möguleika, m.a. væri hægt að innrétta 2-3 íbúðarrými (ósamþykkt) á neðri hæð, og halda eftir stórt efri sérhæð með bílskúr. Húsið stendur neðst í Asahverfinu með miklu útsýni til suðvesturs, út á Leirvoginn og að Esjunni. Verð 139,700 kr. pr. m². Verð kr. 57,0 m.



Leirutangi – 92 m² jarðhæð

92 m² neðri hæð í fjörbýlishúsi í grónu og barnvænu hverfi í Mosfellsbæ. Góð aðkoma er að íbúðinni og stór sérgarður. Stofan er björt og rúmgöð, eldhús með borðkrók, gott svefnherbergi, baðherbergi m/kari, þvottahús/geymsla og stórt herbergi. Verð kr. 17,8 m.



Skeljatangi – 4ra herb.

Falleg 94,2 m², 4ra herbergja íbúð í litlu fjörbýlishúsi á fallegum stað í Skeljatanga. Þrjú góð svefnherbergi, eldhús, stofa, flisalagt baðherbergi og þvottahús. Sameiginleg lóð til fyrirmyndar og lítið barnaleiksvæði í augnsýn. Lágafellsskóli og leikskólinn Hulduberg eru rétt hjá og því tálvalin eign fyrir barnafjölskyldu. Laus strax. Verð kr. 22,9 m.



Furubyggð – 107 m² endarðahús

107,2 m² endarðahús með stórum suðurgarði í fallegri og grónni götu. Í húsinu eru tvö rúmgöð svefnherbergi, flisalagt baðherbergi m/kari og sturtu, eldhús m/borðkrók og stór stofa og sólstofa (nú notuð sem 3ja svefnherbergið). Hellulagt bílapiplan með snjóbræðslu og stór og skjólsæll suðurgarður. Verð kr. 28,9 m.



Grenibýggð – 164 m² raðhús

Fallegt raðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasaleri á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpshol á 2. hæð og opið risherbergi. Opnar svalir í suðvestur/norðvestur, falleg timburverönd í suðvestur út frá stofu og gott hellulagt bílapiplan. Húsið er nýmálað að utan. ****Verð kr. 37,2 m.****



Arnartangi – 174,2 m² einbýlishús

Mjög fallegt og aðlaðandi 138,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 35,6 m² bílskúr á mjög fallegri hornlóð með timburveröndum. Þetta er hentugt skipulag, svefnherbergi eru aðskilin frá stofu og borðstofu og eldhús tengt svefnálmú. Stórt hellulagt bílapiplan fyrir framan húsið og tvær timburverðir í shæð, 3 Verð kr. 39,9 m.

Leikskólinn Hlaðhamrar fagnaði 30 ára afmæli sínu 8. október síðastliðinn

Hlaðhamrar 30 ára

Af því tilefni að leikskólinn Hlaðhamrar varð 30 ára þann 8. október s.l. var opið hús í leikskólanum. Í veisluna mættu mjög margir eða hátt í 200 manns. Leikskólanum bárust margar og nýtsamar gjafir í tilefni afmælisins. Foreldrafélag skólans gaf glæsilegt útileiktæki sem verður komið fyrir á lóð skólans og Einar Páll Kjærnested og Hildur Ólafsdóttir gáfu tölvur sem nýtast munu inn á deildum skólans. Fá þau miklar þakkir fyrir þessar frábæru gjafir og hlýhug sem þau sýna í garð skólans. Þess má geta að Einar Páll var nemandi leikskólans og einnig sonur hans, Viktor Marel Kjærnested.

Áherslur Hlaðhamra hafa verið í anda Reggíó-stefnunnar en grunn-tónninn í stefnunni er að barnið sé í brennidepli. Það er skapandi og frjór einstaklingur í umhverfi sínu og býr yfir margvíslegum möguleikum til leiks og starfs. Mikil áhersla er lögð á rými og skapandi umhverfi í skólanum þar sem börn fái notið sín á eigin forsendum.

Mosfellshreppur keypti Hlaðhamra sumarið 1975 og var ákveðið að setja þar á stofn leikskóla sem var síðan tekinn í notkun 8. okt 1976. Þá fluttu börnin með allt sitt hafurtask frá leikskólanum sem var í húsinu sem seinna fékk nafnið Rykvellir og varð seinna aðsetur björgunarsveitarinnar Kyndils. Síðan þá hefur Húsið verið tekið í gegn alveg frá grunni og enn er húsinu haldið við og aðstaðan bætt fyrir börn og kennara. Það var byggt við leikskólann 1997 og varð skólinn þá fjögurra deilda og eru 88




Einar Páll Kjærnested og Hildur Ólafsdóttir afhenta Sveingjörgu Davíðsdóttur leikskólastjóra veglegt gjafabréf fyrir 4 tölvum sem nýtast munu skólanum vel.

börn í skólanum. Nú er verið að taka lóðina við leikskólann í gegn og endurhanna og betrubæta aðstöðuna til útileikja.

Við skólann vinna 25 starfsmenn. Nokkrir stafsmenn hafa unnið við skólann mjög lengi og einn flutti með börnunum frá Rykvöllum og er enn við störf. Í tilefni 30 ára afmælisins voru þrír starfsmenn heiðraðir fyrir vel unnin störf í langan tíma. Þetta eru þær Sigríður Jóhannsdóttir; Valgerður Gunnarsdóttir og Kristín Erlendsdóttir.

Leikskólinn Hlaðhamrar þakkar kærlega fyrir auðsýndan hlýhug í hans garð.



Hlaðhamrar hafa breyst í tímans rás



Vaskir krakkar á öskudegi árið 1991



Ung hnáta spilar fyrir gesti á afmælisdaginn



Klettarnir hafa alltaf skipað stóran sess í umhverfi Hlaðhamra



Bárður úr Stundinni Okkar kíkti í heimsókn



Gamliir sem ungir nemendur spila og syngja saman

Glitnir aðalstyrktaraðili Tónlistarfélagsins

Glitnir er annar af aðalstyrktaraðilum Tónlistarfélags Mosfellsbæjar fyrir starfsárið 2006-7 ásamt Mosfellsbæ. Samningur milli Glitnis og Tónlistarfélagsins þess efnis var undirritaður fyrir stuttu.

Sigríður Jónsdóttir útibússtjóri afhenti styrkinn fyrir hönd Menningarsjóðs Glitnis og tóku Kristjana Helgadóttir, formaður félagsins og Atli Guðlaugsson gjaldkeri á móti honum fyrir hönd Tónlistarfélags Mosfellsbæjar. Af því tilefni spilaði Gunnhildur Ósk Guðmundsdóttir tvö lög á flautu.

„Við erum stolt af samstarfi okkar við Tónlistarfélagið, og það er afar ánægjulegt að fá að taka þátt í uppbyggingu tónlistarlífsins í Mosfellsbæ“ sagði Sigríður Jónsdóttir við afhendingu styrksins.

Þetta er í annað sinn sem Menningarsjóður Glitnis styrkir Tónlistar-

félagið í Mosfellsbæ.

Tónlistarfélagið stendur fyrir mjög metnaðarfullri dagskrá á þessu starfsári. Um næstu helgi, 21. október, eru tónleikar í íþróttahúsinu að Varmá þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands mun leika ásamt sameinuðum kórum og lúðrasveit Mosfellsbæjar. Í nóvember verða tónleikar í Hlégarði með Jónasi Ingimundarsyni og Kristni Sigmundssyni. Eftir áramót eru síðan ráðgerðir tónleikar með Kvartett Kjartans Valdemarssonar í febrúar og í apríl er von á tónleikum með Hljómskálakvintettinum ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur.

„Það er von okkar hjá Glitni að styrkurinn stuðli að eflingu Tónlistarfélags Mosfellsbæjar og að það festi sig í sessi sem fastur punktur í listalífi Mosfellinga“ sagði Sigríður Jónsdóttir enn fremur.



Atli Guðlaugsson, Kristjana Helgadóttir og Sigríður Jónsdóttir

Tónleikar í íþróttahúsinu að Varmá

Laugardaginn 21. október kl. 15

Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjórnandi: Kurt Kopecky
Sameinaðir kórar og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar



Efnisskrá

Hector Berlioz Rómverkst Karníval SÍ

Fimm lög við kvæði eftir Halldór Kiljan Laxness í útsetningu Páls P. Pálssonar:

Jón Þórarinsson	Íslenskt vögguljóð á hörpu	Kór og SÍ
Atli Heimir Sveinsson	Mariukvæði	Kór og SÍ
Jón Ásgeirsson	Hjá lygnri móðu	Kór, skólahljómsveit og SÍ
Jón Nordal	Hvert örstutt spor	Kór, skólahljómsveit og SÍ
Gunnar Reynir Sveinsson	Haldið 'ún Gróa hafi skó	Kór, skólahljómsveit og SÍ

Jón Ásgeirsson Lokakór úr Prymskviðu
einsöngur: Bjarni Atlason og Þorvaldur Kr. Þorvaldsson

Sigvaldi Kaldalóns Ljóð, Grímur Thomsen	Á Sprengisandi	Kór, skólahljómsveit og SÍ
--	----------------	----------------------------

Pjotr Tsjaikovskíj	1812 forleikur	Lúðrasveit og SÍ
--------------------	----------------	------------------

Flytjendur auk Sinfóníuhljómsveitar eru:

Álafossskórinn: stjórnandi Helgi R. Einarsson
Kammerkór Mosfellsbæjar: stjórnandi Símon Ívarsson
Karlakórinn Stefnir: stjórnandi Atli Guðlaugsson
Kirkjukór Lágafellssóknar: stjórnandi Jónas Þórir
Kvennakórinn Heklurnar: stjórnandi Björk Jónsdóttir
Reykjalundarkórinn: stjórnandi Íris Erlingsdóttir
Skóla kór Varmárskóla: stjórnandi Guðmundur Ómar Óskarsson
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar: stjórnandi Daði Þór Einarsson

Einsöngvarar: Bjarni Atlason og Þorvaldur Kr. Þorvaldsson

Miðasala er á sinfonia.is, í síma 545 2500 og við innganginn.



Leikskólastarf á Kjalarnesi í 20 ár

Nú í október eru liðin 20 ár síðan að leikskólastarf hófst á Kjalarnesi. Leikskólinn Berg hélt uppá afmælið þann 13. október með veglegri hátíð og var margt um manninn. Leikskólinn Berg er umhverfisvænn leikskóli rekinn samkvæmt aðalnámsskrá leikskóla en með sérstaka áherslu á umhverfismennt og skapandi starf.

Hraðamælingar-tæki stolið

Hraðamælingartæki sem staðsett var í Baugshlíð, var stolið í byrjun októbermánaðar. Tækið var á kerru og þjófarnir tóku kerruna í burtu. Tækið og kerran eru í eigu bæjarins og ef einhverjir hafa upplýsingar um afdrif tækisins eru þeir beðnir um að hafa samband í síma 566-8450.



Ný stjórn hjá Framsókn

Aðalfundur Framsóknarfélags Mosfellsbæjar var haldinn þann 5. október síðastliðinn. Fundurinn var vel sóttur og kosin var ný stjórn. Formaður nýrrar stjórnar er Ingi Már Aðalsteins-son og aðrir í stjórn eru þau Elís Jónsson, Kristbjörg Þórisdóttir, Magnús Jósefsson og Margrét Þóra Baldursdóttir. Þá voru þau Helga Jóhannesdóttir og Marteinn Magnússon kosin sem varamenn. Sif Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sat fundinn og hélt stutta ræðu.



TEXTURE
hárstofa

www.texture.is

HÁHOLT 23 - SÍMI 566 8500

Umhverfisverlaun afhent



Frá vinstri: María Lea, dóttir Fjólu og Guðjóns, Guðrún og Páll, Elísabet Kristjánisdóttir formaður umhverfisnefndar, Björn og kona hans Guðrún.

Hínárlegu umhverfisverðlaunum umhverfisnefndar Mosfellsbæjar voru afhent þann 6. október síðastliðinn. Fjóla Leósdóttir og Guðjón Þorvalds-son, Spóahöfða 19, fengu viðurkenningu fyrir vel hirtan og fallegan garð; Ester H. Guðmundsdóttir og Höskuldur B. Kjartansson, Arnartanga 26, fengu hvatningarviðurkenningu fyrir endurnýjaðan garð.

Björn Sigurbjörnsson, gróðurstöðinni Gróanda í Mosfellsdal, fékk viðurkenningu fyrir einstakt ræktunarstarf og hjónin Guðrún Hafsteinsdóttir og Páll Aðalsteinsson, Bjarkarholti 1, fengu viðurkenningu fyrir störf sín í þágu skógræktar í Mosfellsbæ.



Esther og Höskuldur, sem hlutu viðurkenningu fyrir endurnýjaðan garð í Arnartanga, ásamt Ragnheiði bæjarstjóra og Elísabetu formanni

Valdimar og Önnu á þing

Kæru Mosfellingar. Þann 4. nóvember n.k. fer fram prófkjör hjá Samfylkingunni hér í S-Vesturkjördæminu. Nítján manns gefa kost á sér í prófkjörið. Tveir íbúar Mosfellsbæjar taka þátt í prófkjörinu. Þau eru **Anna Sigríður Guðnadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur og Valdimar Leó Friðriksson, alþingismaður og fyrrv. framkv. stj. Aftureldingar.**

Aðrir framþjófendur eru: Árni Páll Árnason, lögfræðingur Rvk.; Bjarni Gaukur Þórmundsson, íþróttakennari Kóp.; Bragi Jens Sigurvinsson, umferðareftirlitsmaður Álf.; Guðmundur Steingrímsson, blaða- og tónlistarmaður Rvk.; Guðrún Bjarnadóttir sálfræðingur Hafn.; Gunnar Svavars-son, bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri Hafn.; Gunnar Axel Axelsson, viðskiptafræðingur Hafn.; Jakob Frímagn Magnússon tónlistarmaður

og útgefandi Rvk.; Jens Sigurðsson, formaður ungra jafnaðarmanna Kóp.; Katrín Júlíusdóttir, alþingismaður Kóp.; Kristín Á. Guðmundsdóttir, sjúkralíði Kóp.; Kristján Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi og löggiltur rafverk-taki Álf.; Magnús M. Norðdahl, hrl. lögfræðingur ASÍ Kóp.; Sandra Franks, stjórn málafræðingur Álf.; Sonja B. Jónsdóttir, myndlistarkona og kvikmyndagerðarmaður Seltj.; Trygvi Harðarson, fyrrv. bæjarstjóri Hafn. og Þórunn Sveinbjarnardóttir, alþingismaður, Garðabæ.

Samfylkingin hefur eflst mikið að undanförunu og styrkst eftir glæstan sigur í bæjarstjórnarkosningunum s.l. vor. Nú er lag að fylgja þessum sigri eftir hér í Mosfellsbæ og fjölmenna 4. nóvember í miðstöð Samfylkingarinnar að Þverholti 3 og taka þátt í prófkjörinu. Allir skráðir Samfylkingarfélagar í Mosfellsbæ og í Kjósinni



geta tekið þátt í prófkjörinu sem og þeir sem lýsa yfir stuðningi við framboð Samfylkingarinnar. Ég vil eindregið hvetja fólk til að fjölmenna og taka þátt í að **tryggja Valdimari áframhaldandi öruggt sæti á alþingi. Komið og kjósið Valdimar í 3. sætið og Önnu Sigríði, varaformann Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ, í 4. sætið.**

Jan Agnar Ingimundarson
Formaður Samf. í Mosfellsbæ.

Frjálst og óháð bæjarblað - www.mosfellingur.is

Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.



GOÐFOLK.VICINN



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í Vörðunni

Mosfellsbær og einkarekstur í heilbrigðisþjónustu

Við hér í Mosfellsbæ státum af því að hafa innanbæjar stærstu og bestu endurhæfing-
arstofnun landsins, Reykjalund.
Reykjalundur er einkafyrirtæki í
eigu SÍBS, Sambands íslenskra
berkla- og brjóstholssjúklinga.
Starfsemin hófst árið 1945 og
var þá Reykjalundur vinnuheimili
fyrir berklasjúklinga. Í dag
er Reykjalundur endurhæfing-
ingarstöð þar sem árlega njóta á
fjórða þúsund sjúklinga alls staðar
að af landinu meðferðar, ýmist á
sólarhringsdeild, dagdeildeðagöngu-
deild

Meðferð sjúklinga er að mestu
greidd af ríkinu þó reksturinn sé ekki
í höndum ríkisins. Frá árinu 2001 hefur
þjónusta Reykjalundar og þátttaka
ríkisins í kostnaði við hana verið skilgreind
í þjónustusamningi við heilbrigðis-
og tryggingamálaráðuneytið.

Ég er talsmaður þess að einstaklingsframtakið fái notið sín á öllum



um sviðum íslensks atvinnulífs. Því er samstarf einkaaðila og ríkisins í heilbrigðismálum áhugaverð þróun sem ég tel að við eigum að beita í meira mæli. Nú vil ég taka það skýrt fram að skoðun mín er að allir landsmenn eigi að eiga jafnan rétt á góðri heilbrigðisþjónustu og njóta valfrælsis eins og kostur er þegar kemur að því að velja hver veitir þessa þjónustu. Á sama tíma vil ég að almenningur heilbrigðisþjónusta sé greidd úr sameiginlegum sjóðum okkar allra. Þetta er stefna Sjálfstæðisflokksins. Því er tal vinstri manna um að stefna Sjálfstæðisflokksins sé að einkavæða heilbrigðiskerfið rökleysa. Síðast lét formaður Vinstri-grænna þau orð falla í blaðaviðtali nú nýverið. Mikilvægt er að skilja á milli orðanna einkavæðing og einkarekstur. Sjálfstæðisflokkurinn vill að ríkið stuðli að

samstarfi við einkaaðila um að veita heilbrigðisþjónustu með hagkvæmni og aukin gæði að leiðarljósi.

Útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist mikið á Íslandi á síðustu árum. Ástæðurnar eru eflaust margar, meðal annars hækkan lífaldurs, aukin tækni og þekking sem tryggir betri lífsgæði o.s.frv. OECD hefur spáð því að verði ekkert að gert muni útgjöld okkar til heilbrigðismála árið 2050 nema rúmum 15% af vergri landsframleiðslu. Það myndi þýða að íslenskt heilbrigðiskerfi yrði það dýrasta í heimi. Markmið okkar á að vera að bjóða upp á besta heilbrigðiskerfi í heimi en ekki það dýrasta. Okkur ber skylda til þessa að tryggja að farið sé vel með almannafé og því þarf stöðugt að leita hagræðingar þegar kemur að notkun opinbers fjármagns. Margir hafa í þessu sambandi bent á kosti einkareksturs þar sem einkaaðilar eru oft á tíðum færari enn ríkið til að veita gæðþjónustu á góðu verði. Hinu opinbera ber enn að greiða

fyrir þjónustuna og stuðla að öflugri eftirliti og tryggja með því gæði þjónustunnar og að vel sé farið með almannafé.

Reykjalundur er gott dæmi um farsælt samstarf ríkisins og einkaaðila um rekstur á heilbrigðisþjónustu. Nauðsynlegt er að tryggja rekstrargrundvöll slíkrar stofnunar í þjónustusamningi. Rekstur Reykjalundar hefur gengið mjög vel á síðustu árum og eru forstöðumenn þar ánægðir með árangurinn. Það sama er hægt að segja um almenning því almennt er talið að Reykjalundur sé fyrirmyndar heilbrigðisstofnun og hefur sannað það að einkaaðilar og frjáls félagasamtök geta með góðum árangri komið að rekstri heilbrigðisþjónustu.

Bryndís Haraldsdóttir

Höfundur er varapeningmaður og gefur kost á sér í 4.-5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi í prófkjöri



Poolstofan opnuð á nýjan leik

Poolstofan að Ásláki var opnuð formlega sunnudaginn 15. október eftir nokkurt hlé. Á myndinni býr Ingi Steinar Jensen sig undir upphafs-skotið og mótspilari hans, Gylfi Guðjónsson, fylgist spennnt með. Spurningin er hinsvegar: Hvað gerir Ingi Steinar rangt?

Á innfelldu myndinni má sjá Albert Rútsson í málningargallanum að loknum miklum endurbótum.

Kæri þjófur

Þú stalst nýja hjólinu mínu á meðan ég svaf. Það var fyrir utan húsið mitt en þú tókst það og fórst með það langt í burtu. Þú skildir það eftir beyglað, sprungið, brotið, rifið og tætt. Nú er nýja hjólið mitt sem ég fékk í afmælisgjöf ónýtt og nú á ég ekkert hjól. - Er þér alveg sama?

Andrea Rut 7 ára



Gísli Tryggvason á lista Framsóknar

Gísli Tryggvason hefur gefið kost á sér í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi [Bessastaðahreppur, Garðabær, Hafnarfjörður, Kjosarhrepur, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes] fyrir alþingiskosningar vorið 2007.



Kruses Skole í Farum í Danmörku og hefur verið búsettur í Kópavogi frá árslokum árið 2000. Gísli er kvæntur Brynju Daníelsdóttur, hjúkrunarfræðingi og sjúkranuddara. Þau eiga þrjú börn.

Gísli var ritstjóri Úlfjólts, tímarits laganema, árið 1994 og sat í stjórn Orators, félags laganema. Gísli starfaði með

Röskvu, samtökum félagshyggjufólks í Háskóla Íslands.

Af helstu baráttumálum Gísla í fyrri trúnaðarstörfum má nefna jafnræði í lífeyrismálum, bætta stöðu skjólstaðinga Lánasjóðs íslenskra námsmanna, nýtt fæðingarorlofskerfi karla og kvenna og endurskoðun verðtryggingar lána.

Nái Gísli kjöri á alþingi mun hann áfram leggja áherslu á hagsmuni og réttindi launafólks og neytenda svo og raunverulega vaskosti í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu og gagnsæi í viðskiptum. Í samræmi við 90 ára sögu Framsóknarflokksins mun Gísli einnig freista þess að stuðla að auknu jafnrætti, skýrara hlutverki hins opinbera og bættum aðstæðum fjölskyldufólks.

Gísli er 37 ára gamall, fæddur í Björgvin í Noregi en alinn upp á Akureyri. Hann er stúdent frá Marie

Næsti Mosfellingur kemur út 10. nóvember
mosfellingur@mosfellingur.is



Ragnheiður Ríkharðsdóttir

3. sæti

Kraftur og reynsla

Ragnheiður Ríkharðsdóttir býður sig fram í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi þann 11. nóvember.

Í tilefni þess höldum við fjölskylduskemmtun í félagsheimili sjálfstæðismanna, Háholti 23 í Mosfellsbæ, sunnudaginn 22. október kl.14.

Fjölbreytt skemmtun og veitingar fyrir alla fjölskylduna, Tóti Tannálfur og Jósafat Mannahrellir úr Benedikt búaíli verða á staðnum.

Allir velkomnir!

Stuðningsmenn.

Kosningaskrifstofa Ragnheiðar verður í Háholti 14 í Mosfellsbæ. Opið virka daga kl. 17-20 og um helgar kl. 12-17.



Lóa keilumeistari á Special Olympics

Sigrún Lóa Ármannsdóttir sigraði í einliðaleik í keilu á Evrópuleikum Special Olympics í Róm nú á dögunum. Lóa keppir fyrir Ösp en íþróttafélag fatlaðra sendi 25 keppendur á leikana í ár. Leikarnir eru fyrir ungt fólk á aldrinum 12-21 árs og hafa það að markmiði að efla samfélagsleg tengsl. Auk þess sem Lóa sigraði í einliðaleik þá hlaut hún silfur í paraleik og lenti í 4. sæti í hópa-keppninni.



Mikið fjör á Bólnótt

Fyrsta bólnótt vetrarins var haldin 6. október. Um 70 ungmenntu gistu í félagsmiðstöðinni Bólinu og mikið fjör þótti fram eftir morgni. Ýmsir leikir voru haldnir og þar á meðal átkeppni, limbó og ball. Það voru því þreytulegir unglingar sem héldu heim á leið daginn eftir því svefninn var ekki mikill hjá ungum orkuboltum bæjarins.



Söguhornið



Kristinn Magnússon
fjallar um fornleifar í Mosfellsbæ

Reykjalaug

Í landi Mosfellsbæjar er mikill jarðhiti eins og kunnugt er. Í gegnum tíðina hefur jarðhitinn verið nýttur á ýmsan máta og enn eru til minjar sem bera þessari notkun vitni.

Heimildir um laugina

Í landi Suður-Reykja var svokölluð Reykjalaug. Laugarinnar er víða getið í heimildum frá 18. og 19. öld. Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1774-1775 er lauginni lýst svo: *Reykjalaug heitir lítill, heit uppspretta í austanverðri Mosfellssveit. Vatnið í henni er léttara en í köldum uppsprettum. Það er tært og bragðlaust. Ekki er það heitara en svo, að hægt er að halda hendi niðri í því. Samt er því svo háttað, að steinar, sem það leikur um, en þarna þess á milli, fá utan á sig þunna, hvíta skorpu, sem saltþéturssýra vinnur ekki á.*

Í Ferðabók sinni, sem skrifuð er á árunum 1913-1915, segir Þorvaldur Thoroddsen eftirfarandi um laugarnar á Reykjum: *Meðal annars skoðaði ég laugarnar hjá Reykjum og Reykjakoti. Þar eru heitir lækir í mörgum kvíslum. Kemur vatnið upp um smágöt. Undir bökkunum er hitinn víðast 40-70°, mestur var hann 30. ágúst 1883 82°. Þessir heitu lækir renna um möl, og er hún víða orðin samanbökkuð í hellu af hverahrúðri. Við kálgarð á Reykjum er Reykjalaug (68°C.) og önnur eldri neðar, hlaðin upp, 3 m að þvermáli, en mjög kólnuð. Hiti var það aðeins 18°, en loftthiti samtímis 11°.*

Laugin er undir vegi

Reykjalaug var hlaðin úr grjóti um 3 1/2 metri í þvermál og dýpst 2 - 2 1/2 metri en vatnshæð rúmlega 1 metri. Hlaðnar tröppur lágu niður í laugina og í henni var hlaðinn stuttur bekkur. Laugin var ekki notuð til



Reykjalaug liggur undir malbiki í Reykjavegi.

baða á 20. öld svo vitað sé en þangað var sótt vatn að bænum á Reykjavhvoli til þvotta. Einnig var dælt vatni í fjósið á Reykjavhvoli úr lauginni.

Reykjalaug er því miður horfin af yfirborðinu. Miklar líkur eru þó til að hún sé vel varðveitt undir vegi milli bæjanna Reykja og Reykjavhols. Laugin mun vera undir veginum þar sem hann beygir í átt að bæjarhúsunum á Reykjum skömmu eftir að komið er framhjá afleggjaranum að Ökrum. Jón Guðmundsson bóndi á Reykjum man vel eftir lauginni. Hann hefur sagt frá því að það var setuliðið sem haldi laugina árið 1941. Nauðsynlegt þótti að að breikka veginn svo að hann nýttist farartækjum setuliðsins betur. Var það gert á þann hátt að mokað var ofan í laugina og vegur lagður yfir. Haft er eftir Jóni að þegar vegurinn var malbikaður fyrst hafi malbikið sigið allt í kringum vegg laugarinnar svo að sjá mátti móta fyrir henni í malbikinu.

Í júlímánuði árið 2001 var unnið að lagningu rafmagnsstrengs í götunni þar sem talið er að laugin sé. Jón á Reykjum hafði varað verktakan við að í ljós gætu komið

grjóthleðslur sem tilheyrðu lauginni. Menn fóru því varlega og hættu strax greftri þegar komið var niður á hleðslur sem við nánari athugun voru taldar geta verið úr norðausturhorni laugarinnar.

Endurheimtum laugina

Nýlega var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir svæðið þar sem laugin er staðsett. Í skipulaginu er gert ráð fyrir áningarstað við Reykjaveginn einmitt þar sem laugin liggur undir veginum. Búið er að koma upp fræðsluskiltum á svæðinu þar sem rakin er saga hitaveitu í Mosfellsbæ. Það myndi að mati undirritaðs gefa þessum áningarstað enn meira gildi ef vegurinn yrði fluttur til og laugin grafin fram og hún gerð sýnileg fyrir almenning. Það er verðugt verkefni fyrir bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ að beita sér fyrir því að fram fari rannsókn á Reykjalaug og að sjá til þess að henni verði meiri sómi sýndur en svo að hafa hana undir vegi.

Kristinn Magnússon
fornleifafraeðingur

Myndasaga úr Bólinu

Við hérna í félagsmiðstöðinni Bólinu höfum ákveðið að að breyta til frá fyrri venju að þessu sinni. Við ætlum leyfa teikniblyntinum að njóta sín nú í Bólhorni Mosfellings.

Við fengum til liðs við okkur tvær ungar stúlkur að nafni Katla og Ellisif sem að eru í 10-GG í Varmárskóla. Þær eru miklir listamenn og erum við mjög ánægð með að hafa komist í samstarf við þær. Meðfylgjandi

myndasaga er eftir Ellisif og vonumst við til að birta myndasögu frá Kötlum sem allra fyrst. Við hvetjum alla nemendur í 8.-10. bekk Varmárskóla og Lágafellsskóla sem að hafa áhuga á að birta myndasögu eða skrifa grein í Bólhornið að tala við Teit í Bólinu.

Starfsmenn Bólsins.



BÓLFRETTIR

Áskorun til bæjaryfirvalda

Varmársamtökin, íbúa- og umhverfissamtök, í Mosfellsbæ skora á bæjarstjórn Mosfellsbæjar að láta gera verkfræðilega úttekt á því að leggja tengibraut í stokk undir Ásland og þaðan um mislæg gatnamót inn á þjóðvegi 1 í stað þeirrar tengibrautar sem fyrirhuguð er úr Helgafellslandi um Álafossvos. Ennfremur að skoðaður verði sá möguleiki að leggja tengibrautina um öbyggt svæði að Þingvallaafleggjara.

Eins og fram hefur komið í athugasemdum Varmársamtakanna við nýjustu aðal- og deiliskipulagstillögum Mosfellsbæjar telja samtökin að tengibrautin og mótvægisáðgerðir henni tengdar beri umhverfi Álafossvosar ofurliði, valdi óafturkræfum umhverfisspjöllum í hjarta Mosfellsbæjar og vegi með mjög afgerandi hætti að atvinnuuppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu og útivist á þessum fjölsóttasta ferðamannastað bæjarfélagsins. Telja samtökin ennfremur að gerð hafi verið alvarleg mistök við hönnun skipulagsins þar sem tengibrautin slítur hverfin sem liggja að útivistar- og þjónustusvæðinu í Álafossvos úr tengslum við kvosina og um leið hvert við annað.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur hingað til ekki brugðist við kröfum samtakanna og annarra íbúa um að skoða fleiri kosti varðandi legu brautarinnar þrátt fyrir óskir bæjarbúa þar um við endurskoðun aðalskipulags árið 2002 og nú aftur 2006. Í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi eru fyrir bæjarfélagið fara Varmársamtökin þess enn á ný á leit við bæjaryfirvöld að þau láti gera verkfræðilega úttekt á ofangreindum tillögum.

Varmársamtökin hafa reifað ýmsa möguleika í tengslum við legu tengibrautarinnar bæði við arkitekta og verkfræðinga sem vinna dagsdaglega við hönnun umferðarmannvirkja. Ber öllum saman um að leiðin um Ásland sé ekki bara styst heldur liggja líka beinast við sé skipulagið skoðað. Skv. mælingum yrði stokkurinn undir Ásland um 160-180 m langur. Verkfræðingur sem verið hefur að vinna á svæðinu segir að jarðvegurinn virðist að mestu vera gljúpur sem auðveldi ætti framkvæmdina til muna og draga úr kostnaði. Hafa þeir sérfræðingar sem Varmársamtökin hafa leitað til síður mælt með tengingu við Þingvallaafleggjara en sagt að ekki sé vert að útiloka þá tengingu að órannsökuðu máli.

Til að skera úr um málið þarf hins vegar að gera faglega úttekt á verkinu og er því hér með skorað á bæjarstjórn að láta vinna fyrir sig verkfræðilegt mat á báðum þessum kostum.

Það sem helst vefst fyrir samtökunum er að íbúar í Ásahverfi verða fyrir umtalsverðum óþægindum á meðan á framkvæmdum stendur. Eins er ljóst að kostnaður við að leggja götur í stokk er meiri. Sé hins vegar litið til framtíðar og heildarhagsmunir íbúa í Mosfellsbæ teknir með í myndina er ljóst að með fyrirhugaðri legu tengibrautarinnar um Álafossvos er verið að fórna svæði sem skipt gæti miklu máli fyrir atvinnuuppbyggingu í Mosfellsbæ í framtíðinni.

Varmársamtökin
í stjórn Varmársamtakanna eru:
Berglind Björgúlfssdóttir,
Gunnlaugur B. Ólafsson,
Magnús H. Magnússon
og Sigrún Pálsdóttir

Félagsstarf eldri borgara



Fimmtudaginn 26. okt. verður ferð í Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og síðan í kaffihlaðborð á Hótel Glym. Lagt af stað kl. 13 frá Hlaðhömrum. Verð fyrir akstur og veitingar kr. 2.600. Skráning hjá Svanhildi í síma 586-8014 e.h. GSM 692-0814

Sunnudaginn 19. nóv. verður leikhúsferð í Þjóðleikhúsið á sýninguna „Stórkostleg“. Miðasala hjá Svanhildi frá 1. nóv. í Dvalarh. Hlaðh. e.h. miðaverð kr. 2.400. Akstur frá Dvalarh. kl. 19.30.

www.bryndisharalds.is

Bryndís Haralds opnar kosningaskrifstofu

Kæru Mosfellingar

Ykkur er boðið á opnun

kosningaskrifstofu minnar næstkomandi sunnudag 22. okt kl 17.

Kosningaskrifstofan er að Bæjarlind 14, 2. hæð, í Kópavogi.

Léttar veitingar og skemmtun fyrir börnin. Vonast til að sjá þig og þína og eiga með ykkur ánægjulega stund.


Bryndís Haralds



Bryndís Haralds í 4-5. sæti

PRÓFJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTUR KJÖRDÆMI

Vertu tímanlega Það er allt tilbúið hjá okkur



Bæjardekk
Langatanga 1a, 270 Mosfellsbær
566 8188
mán.-fös. 8-18:30 laugardaga. 9-15

Ragnheiður ásamt galvöskum íþrótta-köppum úr Aftureldingu skömmu eftir að hún varð bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Myndin er tekin árið 2002.

MOSFELLINGUR

Úr bæjarstjórástóli og stefnir á alþingi

Ragnheiður Ríkharðsdóttir hefur starfað sem kennari og skólustjóri í yfir 20 ár. Síðustu fimm ár hefur hún verið oddviti sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ og gegnt embætti bæjarstjóra. Ragnheiður hyggst nú bjóða sig fram í 3. sæti í prófkjöri í Suðvesturkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.

Ragnheiður er gift Daða Runólfs-syni og eiga þau tvö börn og þrjú barnabörn. Mosfellingur hitti Ragnheiði á dögunum og ræddi við hana um bæjarmálin, landsmálin, Leirvogstunguna og allt milli himins og jarðar.

Hver er Ragnheiður Ríkharðsdóttir? „Hún er sjálfstæð og ákveðin kona sem fædd er í krabbanum og er þess vegna afar tilfinningarík og stundum dálítið viðkvæm, mikil fjölskyldumanneskja og vinur vina sinna. Kemur kannski einhverjum á óvart en svona er það nú samt.”

Af hverju alþingi? „Þessi ákvörðun er tekin vegna áskorana og þegar ljóst varð að Sigríður Anna færi ekki fram. Landsmálin snerta alla þjóðina og það eru ýmis mál sem mér finnst að við þurfum að sinna betur og ég fæ kannski tækifæri til að koma að. Hver veit?”

Býstu við harðri baráttu um sæti á listanum? „Í allri keppni fer maður fram af krafti og í þessu prófkjöri takast á samherjar sem allir vilja láta til sín taka. Ég mun keppa á mínum verðleikum og því sem ég stand fyrir, kraftur

og reynsla og berjast heiðarlega, ég er keppnismanneskja og tek þátt í keppni til þess að vinna.”

Hvernig eru viðbrögðin við framboðinu? „Þau hafa verið frábær og ég fæ hvatningu og notaleg orð frá ótal mörgum.”

Hefur þú alltaf stefnt á landsmálin? „Nei, ekki fyrr en nú.”

Hvað verður um bæjarstjórastólinn? „Það er alveg ljóst að ef ég næ þriðja sæti þá verð ég á leiðinni á alþingi frá og með 11. nóvember og það er fullt starf og þá þarf að ræða hvenær ég læt af störfum sem bæjarstjóri en ég mun áfram vera bæjarfulltrúi eins og ég er kjörin til.”

Hvernig finnst þér hafa til tekist sem bæjarstjóri? „Mér finnst mér og mínum samherjum hafa tekist vel til. Starf bæjarstjóra er rosalega skemmtilegt og fjölbreytilegt en einnig afar krefjandi.”

Hvernig er að vinna með Vinstri-græn-um? „Samstarfið gengur mjög vel, það ríkir traust og heiðarleiki í samskiptum og samvinnu og á því byggist gott



„Starf bæjarstjóra er rosalega skemmtilegt og fjölbreytilegt en einnig afar krefjandi”

samstarf. Við munum saman leiða þetta bæjarfélag og styrkja.”

Hvernig list þér á byggðina í kringum ykkur í Leirvogstungunni? „Þetta er mikið rask og afar mikil breyting. En við Daði höfum enga ákvörðun tekið um að fara af þessum góða stað.”

Áttu einhver fleiri áhugamál fyrir utan pólitík? „Jamm, þau eru margvísleg, ég er t.d. að reyna að slá golfbolta, en með krefjandi starfi leggur maður áherslu á fjölskyldu og vini því þegar upp er staðið skiptir það mestu máli.”



Árið 1977 með börnunum sínum tveimur, Ríkharði og Heklu Ingunni nýfædda.



Ragnheiður og Daði á góðri stund fyrir tæpum 30 árum síðan.

Eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri til bæjarbúa? „Já svo sannarlega, verum stolt af því að vera Mosfellingar og búa í Mosfellsbæ, göngum vel um bæinn okkar og tölum vel um hann, því bærinn er ekkert annað en fólkið sem þar býr.”

hilmar@mosfellingur.is

Árlegar stóðréttir voru haldnar á Reykjum á fallegum haustdegi í lok september.

Reykjaréttir í máli og myndum



Gamli-Rauður var orðinn lúinn eftir langa smalamennsku

Mundi lét sig ekki vanta



Feðgarnir Raggi og Garðar gefa ormalýf



Forystusveitin, frá vinstri: Nonni Maggi, Bingi, Jóhann Óskar, Jónði ásamt dóttur sinni Ástu Margréti og Mummi á Reykjum



Stefán og Jóhann Óskar með eina þreytta í fanginu



Kíddi á Bjargi og Nonni Maggi við járnringar í sólskininu



Fríður kvennafans í sumarskapi



Það var fallegt útsýnið yfir bæinn þegar Erla, Bingi og Kristinn ríðu upp frá Reykjum



Bræðurnir Helgi og Haukur með Mumma í miðið



Heimasæturnar stilltu sér upp

Örlítil hreyfing bætir, hressir, kætir og lengir lífið



Opnunartímar sundlaugarinnar að Varmá:

Símar: 566-6254 / 566-6754, netfang: sport@mos.is

Virkir dagar 06:15– 21:30

Helgar 09:00 – 18:00

Nýr nuddpottur, endilega komið við og slakið á eftir erfiði dagsins.





Sigurpáll sigræði í Svíþjóð

Kylfingurinn Sigurpáll Geir Sveinsson úr golfklúbbum Kili, sigræði úrtökumót í Svíþjóð um síðustu helgi. Sigurpáll spilaði afar vel á mótinu og sigræði það með sex högga mun. Með þessum sigri kemst Sigurpáll inn í Telia-mótaröðina sem spiluð verður á næsta ári. Magnús Lárusson tók einnig þátt á mótinu en náði sér ekki á strik.

Hvar eru keppnis-búningarnir?

Á undanförunum misserum hefur tapast smátt og smátt úr búningum allra yngri flokka í knattspyrnudeild. Nú er svo komið að það stefnir í að hluti leikmanna verði bara á nærþolnum á Faxaflóamótinu sem félagið tekur í fyrsta skipti þátt í nú í haust, þökk sé hinum nýja, glæsilega gervigrasvelli.

Ef ske kynni að eitthvað af búningum hafi óvart þvælst heim með krökkunum þá vill búningaþvottastjóri knattspyrnudeildar fara þess á leit við fótboltakrakka og foreldra þeirra, að kíkja vel og vandlega í allar hillur og skápa á heimilinu. Fari svo að búningar komi í ljós við leitina, þá eru krakkarnir beðnir um að skila þeim til þjálfara á æfingu sem fyrst.



Atli efnilegastur í 2. deild

Þjálfarar og fyrirlíðar allra liða í 1. og 2. deild kusu á dögunum lið ársins í deildunum tveimur. Efnilegasti leikmaðurinn í 2. deild var kjörinn Atli Heimisson, sóknar og kantmaður í meistaraflökki og öðrum flokki Aftureldingar. Til gamans má geta þess að Atli þjálfar einnig sjötta flokk.



Afturelding fær vænan liðstyrk

Fjórir leikmenn Hvíta Riddarans hafa fært sig yfir í meistaraflökk Aftureldingar í knattspyrnu. Þjálfari Riddarans, Geir Rúnar Birgisson, hefur skrifað undir samning við Aftureldingu sem leikmaður liðsins og aðstoðarþjálfari. Þá hafa þeir Nikulás Árni Sigfússon, Guðjón Þórunnarson og Magnús Einarsson einnig fært sig til Aftureldingar. Þessar tilfæringar eru mikil blóðtaka fyrir Hvíta Riddarann sem var nálægt því að komast upp í 2. deildina í sumar.



Ágætu íbúar!

Nú þegar hausta tekur, lauffall mikið og frost á næsta leiti eru íbúar Mosfellsbæjar hvattir til að gæta að niðurföllum nálægt húsum sínum. Ennfremur þarf að huga að lögnum að heitumpottum svo og snjóbræðslulögnum til að þær lagnir verði ekki fyrir frostskeimmdum.

Þjónustustöð Mosfellsbæjar



Í eldhúsinu hjá Sesselju

Piklesið hennar Sesselju

Sesselja H. Guðjónsdóttir kennari sendir okkur uppskrift að pikles. „Ég fékk hana hjá vinkonu minni fyrir 40 árum og geri hana á hverju ári. Forsagan er að einu sinni vorum við ungar og sprækar úti að skemmta okkur. Þegar ballið var búið vildu allir halda fjörinu áfram svo vinkona mín bauð heim til sín. Þegar hungrið sagði til sín var farið að leita í skápum að einhverju ætilegu. Fyrir valinu varð ristað brauð og þetta líka fyrirtaks pikles. Piklesið er gott með kjóti og fiski, eða bara hverju sem er.“

3 blómkál
1 gúrka
½ kg laukur
½ kg gulrætur
1 græn paprika
1 rauð paprika

Þetta er allt brytjað frekar smátt. (Skrælið gulræturnar því hýðið dökkar við geymslu.)
¼ bolla af fínu salti stráð yfir og látið blíða yfir nótt, þá er saltvatninu hellt af.

½ msk. karrý
½ lítill dós mustard (sinnepsduft)

ca. 250 gr. hveiti
750 gr. sykurl
250 ml edikssýra
1,5 l vatn

Edikið og vatnið sett í pott með sykrunum. Hveiti, sinnepsduft og karrý hrært út með hluta af vatninu. Hrært út í pottinn þegar sýður. Látið sjóða í 5 mín. Grænmetið sett út í og suðan látið koma upp. Látið malla í smá stund. Sett í krúkkur, lokið strax.

Sósan er viðkvæm fyrir því að brenna við passið því að hræra vel í pottinum.



Grænmetið geymist vel á dimmum stað.

Athugið að auðvelt er að færa til hlutföll í grænmetinu, allt eftir smekk og því sem til er hverju sinni.



Opnum virka daga kl 7:00



Halldór Lárusson og Brynja Finnsdóttir

Íþróttamenn Aftureldingar

Uppskeruhátíð Aftureldingar var haldin 30. september. Var hátíðin tvískipt að þessu sinni, kl. 11 var haldin íþróttahátíð fyrir börn 10 ára og yngri og fengu þau sem æfðu með félaginu í fyrra sérstakan bol sem á stendur „Ég æfði íþróttir 2005-2006“. Vel á þriðja hundrað barna mætti á hátíðina en það var Baldur Þorsteinsson íþróttatræningur sem stjórnaði skipulögðum leikjum með dyggri aðstoð stjórnarfólks og eldri iðkenda í félaginu. Almenn ánægja

var með þetta fyrirkomulag hjá foreldrum og virtust börnin skemmta sér konunglega.

Hefðbundin uppskeruhátíð og verðlaunaafhending fór svo fram kl. 15. Hópbikarinn 2006 hlaut 4. flokkur karla í blaki. Starfsviðurkenninguna 2006 hlaut knattspyrnudeild og Vinnubjarksbikarinn 2006 hlaut Gústav Gústavsson, stjórnarmaður í knattspyrnudeild. Bóel Kristjánsdóttir og Bernharð Hreinsson hlutu sér-

staka viðurkenningu fyrir störf sín í þágu félagsins. Íþróttamönnum og -konum deilda voru veitt verðlaun og að lokum var valinn íþróttamaður Aftureldingar og í fyrsta sinn, íþróttakona Aftureldingar. Halldór Lárusson frjálsíþróttamaður og Brynja Finnsdóttir frjálsíþróttakona hlutu þá titla. Hátíðinni lauk svo með veglegu kaffihlaðborði í umsjón fimleika- og knattspyrnudeilda og tónleikum með hinni ungu og efnilegu hljómsveit Bob Gillan og Ztrandverðirnir.

Meistaraflokkur kvenna endurvakinn

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu hefur verið endurvakinn eftir 10 ára hlé hjá Aftureldingu. Síðastliðin ár hefur mikið uppbyggingarstarf verið unnið í yngri flokkum kvenna og nú verður lið í 1. deild næsta sumar. Markmiðið er að koma Aftureldingu á meðal þeirra bestu fyrir 100 ára afmæli Aftureldingar. Írski þjálfarinn Gareth O'Sullivan hefur verið ráðinn en hann hefur þjálfað lið í Bandaríkjunum undanfarin ár við góðan orðstír. Þá á hann einnig að baki atvinnuferil í knattspyrnu þar sem hann lék með liðum í Írlandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Mikill metnaður ríkir hjá flokknum og spennandi tímar framundan.



Á myndinni má sjá Gareth O'Sullivan (fyrir miðju) skrifa undir þjálfarasamninginn. Vinstra megin við hann er Hallur Birgisson, formaður meistaraflokksráðs og Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri Aftureldingar.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá JAKO

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is

JAKO



Efnilegust í Landsbankadeild kvenna

Mosfellingurinn Guðný Björk Óðinsdóttir var valin efnilegasti leikmaðurinn í Landsbankadeild kvenna á lokahófi KSÍ. Guðný leikur með liði Vals. Guðný lék í öllum leikjum Vals á tímabilinu og skoraði fimm mörk í mörk. Þá lék hún fyrir hönd allra landsliða Íslands á tímabilinu.



Frábær byrjun

Meistaraflokkur Aftureldingar í handbolta hóf tímabilið af miklum krafti og er efstur í 1. deild eftir fyrstu þrjá leikina. Lærisveinar Bjarka Sigurðssonar hafa sigrað alla leikina og sigrðu lið Hattar frá Egilstöðum á laugardaginn var. Leikurinn endaði 39-14 og sáu Hattarmenn aldrei til sólar í leiknum. Í síðari hálfleik kom svo Bjarki sjálfur inná og sýndi gamalkunna takta og skoraði tvö mörk. Næsti leikur verður þann 27. október og þá kemur Víkingur/Fjölnir í heimsókn að Varmá. Leikurinn hefst kl. 19 og allir hvattir til þess að mæta.



Getraunastarf Aftureldingar

Knattspyrnudeild Aftureldingar stendur fyrir getraunaleik sem hófst 7. október. Leikurinn er tippaleikur þar sem þátttakendur giska á úrslit leikja í fótbolta og eru tveir saman í liði. Þeir sem verða með flesta leiki rétta eftir tólf umferðir fá vegleg verðlaun og haldið verður lokahóf á síðasta leikdegi. Mikil stemmning myndast á laugardagsmorgnum í vallarhúsinu og enn er hægt að skrá sig til leiks.

STEINDI JR.
SÉR UMALT
FYRIR UNGA
FÓLKID

MOSFELLINGAR Á MARS

HÉR KOMA NOKKUR DÆMI UM
VALINKUNNA MOSFELLINGA Á MARS.

Nú á framfaratímum og tækniöld lítum við fram á veginn og sjáum að við erum að færa okkur
utar og utan í geiminn og byrjuð að kanna plánetuna Mars. Það er ekki úr vegi að hugsa hlýlega til
okkar framfarafólks í Mosfellsbæ, með tilliti til þess hvernig þau myndu taka sig út á plánetunni!



Gauji á gröfunni

Væri frábær í að fylla upp í
gígana og slétta yfirborðið.
Gauji þarf eflaust að kalla
alla ættingjana saman til að
ráða við þetta stóra verkefni.



Einar Fastmos

Heyrst hefur að Einar sé byrj-
aður að selja lóðir á Mars.
Hann ku hafa auglýst nýlega
lóð á aðeins 300 milljónir. Að
hans sögn „algjör spottprís“



Gylfi Guðjóns

Er nú þegar farinn að reikna
út gróðann á ökuennslunni
á Mars en gleymdi að taka
það með í reikninginn að
vegina vantar (Sorrí Gylfi).



Matti í Íþróttahúsinu

Matti vill stofna hjólræiða-
félag þegar Gauja tekst að
klára verkefnið sem honum
var fallið, áætluð verklok eru
árið 3024.



Anne Lisa

Hringdi í mig út af þessum
skrifum og vildi koma því
á framfæri að best væri að
danska yrði eina tungumálið
á Mars (sorrí, ekki séns).



Séra Jón

Erfitt verður að finna pláss
fyrir Séra Jón á Mars þar
sem við höfum hvorki fundið
golfvöll né laxveiðiá á
„rauðu plánetunni“



Lalli Ljóshraði

Ég legg til að Ljóshraðinn
verði ráðinn sem skemmt-
anastjóri á Mars svo bærinn
okkar endi ekki sem „svefn-
bær“ í annað sinn.



Guðný Halldórs

„Stella á Mars“ er í bigerð
og heyrst hefur að Einar í
Fastmos fjármagni myndina
með gróða af lóðasölu á
plánetunni.



Elli í Toppformi

Marsferðin fór illa í greyð
Ella og eltist hann töluvert
á leiðinni. Hann er búinn að
uppgöta orkudrykk sem
mun laga þetta á „no time“



Diddú

Þrátt fyrir að Diddú líti hálf
óhugnanlega út á Mars
lítum við á björtu hliðarnar
því Diddú lítur vel út á
móður jörð.



Alli Rúts

Alla datt það snjallræði í hug
að opna bar á Mars sem
á að heita því frum-
lega nafni „Áslákur“



K-Tomm

Forseti bæjarstjórnar gæti
leitt hópinn með trumbu-
slætti vinstri hægri.

GUNNI Á HJÓLINU FÆR SÉR EINA MED ÖLLU

Hver kannast ekki við athafnarmanninn og
Mosfellinginn góðkunna „Gunna á hjólinu“?
Það er enginn stígur í Mosfellsbæ sem hjólið
hans Gunna á eftir að kanna, enda mikill hjól-
reiðamaður hér á ferðinni. Það er kominn tími til
að skella kappanum í tímatöku og athuga hversu
snöggur Gunni er að hjóla ákveðna vegalengd.
Gunni er mikill keppnismaður og mun hann
leggja sig allan fram til að ná ásætlanlegum tíma.
Hversu lengi er Gunni að hjóla frá heimili sínu í
Klapparhlíðinni og upp í Snæland Video
til að detta í eina Pullu?



Aljóshraða - Gunni kom sjálfum
sér á övart og vissi ekki að hann
kæmi hjólinu svo hratt.



7 mínútur og 14 sek... - Gunni sló
bæjarmetið og blés ekki um nös



Glæsileg verðlaun - Mosfellingur
verðlaunaði Gunna og færði
honum Pullu með öllu og vindil

SORRY MED AUMINGJANA

Sælir veri Mosfellingar! Ég verð að halda umræð-
unni áfram sem að þrándur góðvinur minn kom af
stað í síðasta pistli sínum þar sem hann ræddi um
sjálfskipaða lögreglumenn og framkomu sumra
strengi hjá mér þar sem ég og vinir mínir höfum of
oft lent í valdabráluðum lögreglutitum.
Ég ber mikla virðingu fyrir lögregluönnunum
og því starfi sem þeir gegna en því miður eru
alltaf nokkrir andskotans rúnkarar (afsakið
orðbragðið) sem koma óorði á allan hópinn.
Menn sem að ráða ekki við það vald sem lag-
anna verðir. Ég hef persónulega lent
í því að það réðust á mig tveir lög-
regluþjónar, sem voru um fertugt,
að ástæðulausu. Ég hafði verið
að aðstoða fé-



laga minn við að rýma teiti og svo loksins þegar
ég lauk því af og átta manns voru eftir í húsinu
mættu Knoll og Tott og ætluðu að fara rýma
til. Ég reyndi að útskýra fyrir þeim að allt væri
með felldu og að þeir væru óboðnir inn í húsinu. Það
endaði ekki betur en svo að þeir réðust á mig og reyndu
að taka mig í jörðina en mistókst það greyjunum og gáf-
ust bara upp. Þá létu þeir eins og ekkert hefði gerst
og tóku 10 ára pakkann á þetta „Bíddu! ég sá ekki
neitt“ Þetta hljómar kannski ótrúlegt en þetta er
heilagur sannleikurinn. Svo þegar ég hringdi í
112 og ætlaði að kæra líkamsárás var skellt á
mig þegar ég tilkynnti að ódæðismennirnir
væru lögregluþjónar.



Og nú fyrir skemmstu var einn besti
vinur minn tæklaður af óeinkennis-
klæddum lögreglumanni fyrir að segja
orðrétt: „Kurteisi kostar ekkert“. Hann
var handtekinn og þurfti að dúsa nótt-
ina í fangageymslu. Síðan laug helvítis
ófétið að vinur minn hafi reynt að kýla
sig til að réttlæta handtökuna. En nokkur
vitni sáu allt annað.
Hugsíð ykkur fávitana maður...! Ég vil því bara
segja „sorry“ við alla hina ágætu lögreglumenn sem
eru þarna úti og þurfa að sitja uppi með þessa minni
pokamenn. Margir hugsa eflaust að ég og vinir mínir
hefðum átt þetta skilið en því miður var það bara ekki
þannig... alveg sorglegt.

Slææ

Tilbúinn - Gunni var ákveðinn liðsnið góðum tíma

Líf og fjör í íþróttakólanum

Nú er íþróttaskólinn kominn á fullt skrið aftur eftir sumarfrí og á myndunum má sjá að í þróttaskólanum er sannarlega mikið fjör, lífsgleðin og ánægja skín úr hverju andliti, bæði þeirra fullorðnu og barnanna sjálfra.

Íþróttaskólinn er góður undirbúningur fyrir framtíðina. Jákvæð áhrif á alla hreyfifærni er óumdeilanleg. Fjölbreytt þjálfun skilar eflaust betri og fjöhlæfari íþróttamönnum/konum þegar fram í sækir. Eins eflast einstaklingar félagslega og sjálfstraust þeirra eykst. Að vera sterkur félagslega og með sjálftraustið í lagi hjálpar börnunum mikið þegar þau byrja í grunnskóla þar sem svo margir hlutir eru þeim framandi.

Íþróttaskólinn er á laugardagsmorgnum fyrir börn á aldrinum 3 - 5 ára. Um er að ræða tvö 12 tíma námskeið. Það fyrra er frá miðjum sept. til byrjun des. og það síðara frá miðjum jan. til apríl og er í Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Umsjónarmenn skólans eru þær Svava Ýr Baldvinsdóttir og Halla Karen Kristjánsdóttir íþróttakennarar.



Allir að koma í röð



Íþróttakennararnir Svava Ýr og Halla Karen




Börn og fullorðnir í leik



Ög allir samtaka nú...



Ólafur Höskuldsson sýndi það sem hann var búin að læra



Gunnar Már Gunnarsson stóð sig vel í rimlunum

Myndir og texti: Ruth Örnólfsdóttir.

LISTASAFN ÍSLANDS MÁLVERKIÐ EFTIR 1980 ICELANDIC PAINTING AFTER 1980

7.10. - 26.11. 2006

OPIÐ DAGLEGA, KL. 11 - 17, LOKAÐ MÁNUÐAGA

ÓKEYPIS AÐGANGUR
FREE ADMISSION

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND



Heimilismatur í hádeginu

Loksins!!! er búið að opna eldhúsið í hádeginu, boðið verður upp á ekta íslenskan heimilismat, 3-4 réttir í senn.

Einnig viljum við veita athygli á veislubjónustu hjá okkur, bæði á staðnum og út úr húsi.

Símar: 8486344 (Hjalti) og 8239641 (Guðjón)

Alvöru sveitakrá



SPURNING TIL BÆJARBÚA

Ertu komin í
jólafélaginn?



MARÍUS Alveg klárlega



ÞÓRDÍS Nei, alls ekki



ODDUR BRODDI Ég er farinn
að sjá jólaálfa út um allt



MARÍA Nei, alls ekki



GUMMI Á DRAUMA Auðvitað,
þó það nú væri



BERGLIND Nei, það er allt
of langt til jóla



Bræðurnir í Ísleiðangri



Gott að Kela...




Bjöss og Grímur



Binna tollir í tískunni




Flottur í tauinu



Ella og Stjáni mætt í húsið



Brynja, ég elska þig!!!



Party á Drauma



Mosfellingar í bíó

HVERJIR VORU HVAR?


Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Jónsi í engum fötum



Sætar saman



Kárius og Baktus



Legends



Sveppi og Bergur



Frændurnir góðir



Ást á pöbnum



Ástin blómstrar



Ben the man




Viddi viðutan




Old School




Hláturinn lengir lífið



Birthday



Mikið lítur þú vel úr beibi...



Ljóska



Brandur og Birkir búnir með 2



Sunna Sæm með sigti?



Valli Magg og Íbbi



Helena og Guðrún Edda



**STOLTUR
MOSFELLINGUR**

ÓLI KALLA TOMM

FÉKK SÉR MOSÓ TATTÚ



TVÍFARAR



BJÖRN ÞRÁINN



GYLFI ÆGIS

SMÁAUGLÝSINGAR

Hvolpar til sölu

Hreinræktaðir labrador-hvolpar til sölu, ættbókarfærðir. Fæddust 20. ágúst. Tilbúnir til afendingar. Upplýsingar gefur Snæbjört í síma 845-2752 eða snaeja@mi.is. Hægt er að skoða myndir á www.123.is/holavatsnhestar.



Til sölu

Til sölu er borðstofuborð stækkanlegt+ 6 stólar, skenkur og glerskápur úr beyki, verð kr. 60 þús. Svart leðursófasett 3+1+1, verð kr. 40 þús. Svartur leðurhornsófi 2 horn 2, verð kr.40 þús. Upplýsingar í síma 698-4732

Bílskúr til leigu

Bílskúr til leigu í Hulduhlíð Mosfellsbæ s: 821-4111

Smáauglýsingar eru fríar fyrir einstaklinga í Mosfellsbæ



Samtals höfum við farið 9 sinnum til Kúbu og kennt dans í yfir hálfa öld. Heldur þú ekki að það sé gáfulegt að læra hjá fagfólki með mikla reynslu og þekkingu?

Ný námskeið og námskeið fyrir pör í Jive og ChaCha Cha byrja 9. nóvember. Innritun daglega frá 20-22 í síma 551 3129



Opið

allan sólarhringinn



Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellsbæ, Reykjavíkurvegi Haf. og í Bæjarlind Kóp.



- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540

Í Toppformi fyrir jólin

KORT SEM GILDIR ÚT ÁRIÐ
Á AÐEINS **8.500 KR.**

ÞÍN STÖÐ Í ÞÍNU BÆJARFÉLAGI



Íþróttamiðstöð inni að Varmá • Sími 566 7888

Sýnum lit í vetur

Sími: 5668 110





**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424

Reykjafellið smalað



Áð á Húsatúni í árlegum Reykjaréttum.
Smalar frá vinstri: Mummi, Leó, Mundi,
Bingi, Kiddi, Nonni Maggi, Friða, Krist-
inn, Erla og Garðar. Nánar á bls. 13

Mynd: Hilmar



Æsustaðir - Nýtt á sölu

120 fm. einbýli með stórum sólpalli með skjólveggjum. Stórt eignarland 0,6 hektarar. Kjörð fyrir hestafólk og þá sem kjósa sveitalífið. Spennandi tækifæri fyrir athafnafólk. Úr Mosfellsdal (frá Mosó) er beygt til hægri inn á Dalgarðsafleggjara/merkt Æsustaðir, og þar innst er einbýlið Æsustaðir 2. Tilboð óskast.



Reykjamelur

Vandað og vel byggt 216 fm. einbýli á tveimur hæðum á einum fallegasta stað í Mosfellsbæ. Húsið stendur á lóð við Varmá, umvafið gróðri. Stór lóð. Eign í algjörum sérflokk. Óskað er eftir tilboðum í eignina.



Litlikriki

Vorum að fá í sölu glæsilegt tveggja hæða rúmlega 330 fm. einbýli með innbyggðum tvíbreiðum bílskúr og möguleika á tveimur íbúðum við Litlakrika í Mosfellsbæ. Nánari uppl. á skrifstofu.



Þrastarhöfði

Laus strax. Falleg 140 fm íbúð með sér inngangi í nýju og fallegu fjórþýli. Baðh. flísalagt í hól og gólf. Hornbaðkar. Vandaðir eikar skápar og hurðir. Eldhús með L-laga innréttingu. Eldhúseyja með háfi. Niðurlímt gegnheilt eikarparket á gólum. Flísar á forstofu. Stórar svalir. Hagstætt áhv.lán V. 35,5 m.



Sími:
588 55 30

Opíð virka daga frá kl. 9-18

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Dalatangi

Dalatangi. Nýtt í sölu. Mjög vandað og vel skipulagt 190 fm. einbýli við gróna og glæsilega götu í Mosfellsbæ. 5 svefnherbergi, 2 snyrtingar og sólstofa. Mjög veglegur garður með sólpalli og skjólveggjum af bestu gerð. Lækur og tjörn í garði og brú yfir. Fallegur gróður. Tré og runnar. Hellulagt bílapan. Góður bílskúr.



Háholt - Í hjarta bæjarins

Glæsilegar íbúðir í hjarta Mosfellsbæjar með vonduðum eikar innréttingum og gólfefnum. Baðherbergi flísalögð í hól og gólf. Baðkar og sturtuklefi. Hellulagðar veröndir fyrir þrjá íbúðir. Stúdíóíbúð, 2ja herb, 3ja og 4ra herb.



Lindarbyggð

Mjög glæsilegt parhús við Lindarbyggð. 182 fm. á einni hæð. Vandaðar innréttingar. Mikil lofthæð. Stór og björt stofa. Hellulagt bílapan og gangstigar. Fluttur frágangur. Eignin stendur í lokaðri götu í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar.

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is